

Stjórn Strætó bs.

Ár 2017, föstudaginn 29. september, var haldinn 273. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmsdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Theódóra S. Þorsteinsdóttir, varamaður. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2018-2022
2. Vetnisverkefni
3. Erlendir ferðamenn og Strætó
4. Strætó á samfélagsmiðlum
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti drög að fjárhags- og starfsáætlun 2018-2022. Áætlunin byggir á forsendum sem kynntar voru á eigendafundi Strætó 27. september sl. eftir umfjöllun í stjórn Strætó 22. september sl. Í áframhaldandi vinnu við fjárhags- og starfsáætlunina er gert ráð fyrir að framlag sveitarfélaga verði í takt við það sem lagt fram á eigendafundinum.
Vísad til áframhaldandi umfjöllunar á næsta fundi.

2. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem til umfjöllunar var í stjórn 3. febrúar og 17. mars sl. Stjórn ályktaði þá að stjórn Strætó væri jákvæð fyrir þátttöku í tilraun á vetnisvögnum en gæti þó ekki á neinn hátt skuldbundið Strætó bs. fjárhagslega í þessu verkefni

Framkvæmdastjóri ræddi um að næstu skref væri að Strætó skrifaði undir viljayfirlýsingu um að halda áfram þátttöku í tilraunaverkefninu. Verkefnið gengur út á að prófa vetnisstrætisvagna í fullum rekstri og skoða áhrif þeirra á líftímakostnað og losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið verkefnisins er að vetnisstrætisvagnar og innviðir tengdum þeim verði valkostur í orkuskiptum framtíðarinnar.

Stjórn óskar eftir að á næsta fundi stjórnar liggi fyrir minnisblað um verkefnið ásamt álitni lögmanns Strætó um hvort undirritun framangreindrar viljayfirlýsingar skuldbindi byggðasamlagið fjárhagslega í verkefninu eða sé á einhvern hátt á skjön við reglur um opinber innkaup og/eða ákvæði rammasamnings Strætó um endurnýjun vagna, en samningnum lýkur á árinu 2018.

3. Farið var yfir árangur markaðssetningu Strætó til erlendra ferðamanna á árinu 2017.
4. Guðmundur H. Helgason, upplýsinga- og markaðsfulltrúi, fór yfir það helsta sem Strætó hefur gert á samfélagsmiðlum það sem af er ári.
5. Önnur mál
 - a) Fyrirspurn frá fulltrúa framsóknar og flugvallarvina í ÍTR, dags. 30. ágúst 2017.
Framkvæmdastjóri var falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
 - b) Erindi frá Hollvínasamtökum Strætó, dags. 1. september 2017.
Framkvæmdastjóri var falið að svara erindinu í samræmi við umræður.
 - c) Forgangsakreinar. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka saman sparnað í tíma vegna forgangsakreina.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10

Heiða Björg Hilmysdóttir
Bryndís Haraldsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Fylgiskjöl:

- Fyrirspurn frá fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina dags. 30.08.2017
- Erindi frá Hollvinasamtökum Strætó til stjórnar, dags. 01.09.2017